

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 2005

Nr. 18

16

14. apríl 2005

LÖG

um breyting á lögum um helgidagafrið,
nr. 32 14. maí 1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gististarfsemi og tengd þjónusta, starfsemi lyfjabúða, bensinstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleigna, svo og starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum þar sem a.m.k. $\frac{2}{3}$ hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.